

Starfsþróunarsetur háskólamanna

Starfsreglur stjórnar

1. Stjórn sjóðsins er heimilt að móta starfsreglur samkvæmt 3. málsl. 2. mgr 7. gr. samþykktá setursins frá 4. janúar 2011. Við mótun þeirra skal tekið mið af annars vegar markmiðum Starfsþróunarsetursins eins og þau koma fram í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna og hins vegar þeirri reynslu sem verður til við rekstur setursins.
2. Stjórnin skal ákvarða verkaskiptingu milli hennar og forstöðumanns. Í því felst m.a. að skilgreina með hvaða hætti forstöðumanni er ætlað að miðla upplýsingum um daglega framkvæmd og rekstur til stjórnar og hvaða heimildir hann hefur til að skuldbinda sjóðinn.
3. Stjórn skal ákvarða með hvaða hætti tekjur setursins skulu ávaxtaðar.
4. Stjórn skal ákveða þóknun til stjórnarmanna.
5. Stjórnin skal samþykkja fjárhags- og starfsáætlun, sem tilgreinir áherslur næsta árs fyrir 20. desember ár hvert. Þó skal slík áætlun fyrir árið 2012 samþykkt eigi síðar en 31. janúar 2012.
6. Við framsetningu fjárhags- og starfsáætlunar skal stjórn taka hverju sinni afstöðu til þeirra hlutfalla sem skulu ráða við ráðstöfun tekna sjóðsins gagnvart þeim sem rétt eiga til styrkumsókna, en þeir eru:
 - a) Bandalag háskólamanna.
 - b) Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.
 - c) Stofnun, ýmist hver fyrir sig eða í samstarfi.
 - d) Stéttarfélag, ýmist hvert fyrir sig eða í samstarfi.
 - e) Einstaklingar, sem greitt er fyrir í sjóðinn og eru félagar í stéttarfélagi sem á aðild að Starfsþróunarsetrinu.
 - f) Stjórninni er heimilt að setja allt að 50% vikið á þau hlutföll sem ákveðin eru hverju sinni.
 - g) Aðrir en þeir sem taldir eru upp í 1. gr. samþykktá setursins geta sótt um aðild að setrinu s.s. sjálfseignastofnanir.
7. Stjórn skal fara yfir fjárhags- og starfsáætlunina á hverjum fundi og taka afstöðu til þess hvort halda skuli vikmörkum óbreyttum eða hvort nýta skuli þau og þá hvernig þeim verði breytt.
8. Stjórnin skal setja fram og kynna opinberlega þau viðmið sem beita skal við mat á umsóknum og með hvaða hætti setja skuli fram umsóknir um styrk frá Starfsþróunarsetrinu.
9. Stjórn fundar mánaðarlega nema yfir sumartímam og oftár ef þurfa þykir. Greidd er þóknun fyrir stjórnarsetu.